

# LAGABREYTINGARTILLAGA

16. & 26. GREIN UM KOSNINGU UNGMENNARÁÐS



Stjórn BÍS leggur til eftirfarandi breytingar á 16. og 26. grein sem haldast óbreyttar að öðru leiti.

## 16. GREIN

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennafélags. Til Ungmennafélags skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennafélag skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátapiðing ár hvert. Ungmennafélag er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennafélagi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátapiðing ár hvert ásamt því að kjósa ~~árlega kosningarári~~ áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og ~~a.m.k. þrjá~~ fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

[...]

## 26. GREIN

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið ~~árlega~~ á Ungmennafélagi ~~til eins árs~~. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapiðings eða fundarboði Ungmennafélags ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

[...]

### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS og ungmennaráð



## Röksemdarfærsla:

Lagt er til að kjörtímabil ungmennaráðs sé til eins árs í senn. Ástæða þess er af tvennum toga. Í fyrsta lagi vegna þess að seta í ráðinu er frábært tækifæri fyrir ungt og ærin ástæða að sem flest fái tækifæri til þess, með því að stytta kjörtímabilið er fleirum gefin kostur að sitja í ráðinu á þeim takmarkaða tíma sem það er hægt. Í öðru lagi vegna þess að tveggja ára skuldbinding getur verið talsverð fyrir ungt fólk og getur verið útilokandi fyrir mörg því þegar ungmennaráð er laust til kjörs sjá þau fram á að áætlanir sem þau hafa sett sér í persónulegu lífi kemur í veg fyrir að þau geti sinnt hlutverkinu á seinna árinu t.d. vegna fyrirhugaðs skiptináms í framtíð. Þannig er aðgengi að ungmennaráðið aukið með þessari breytingu.

Einnig er lagt til að sleppa því að taka fram að a.m.k þrjár fulltrúar séu kosnir á ungmennanægingi í 16. grein. Þetta er til að einfalda læsi laganna, en sé þetta ákvæði ekki skoðað í samhengi við 26. grein getur þetta verið ruglandi og gefið til kynna að engin efri mörk séu á hve mörg megi kjósa. Þannig er 26. greinin ein látin um að skilgreina hve mörg eigi að kjósa í fastaráðin og hvað þurfi að gera til að fjölga sætum í ráðinu umfram þriggja sæta lágmark.

Ungmennanæging samþykkti að leggja fyrir Skátanæging tillögur sem þjónuðu sama tilgangi. Í samráði við ungmennaráð voru þær tillögur dregnar til baka og sameinast um þessa tillögu.

